

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-94/2015:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 30. nóvember 2015 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum eða að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 15. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 6. janúar. Með bréfi, dags. 19. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 18. janúar. Með bréfi, dags. 3. febrúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 17. febrúar. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að 29. september 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 699.000. Var bifreiðin af gerðinni Mazda Tribute, árgerð 2006, fyrst skráð 31. mars 2006. Segir álitsbeiðandi að hún hafi skoðað bifreiðina fyrir kaupin og hafi hún litið þokkalega út, en þó nokkuð ryðguð og því e.t.v. eðlilegt að bifreiðin hafi verið seld undir markaðsverði. Segist álitsbeiðandi og hafa prufuekið bifreiðinni á c.a. 30 til 50 km. hraða fyrir kaupin. Þegar hún hafi síðan ekið bifreiðin heim til sín sama kvöld og á aðeins meiri hraða, þ.e. um 80 km á klukkustund, hafi heyrst óhljóð og hvín frá drifi eða girkassa bifreiðarinnar. Hafði álitsbeiðandi því strax samband við seljanda, en seljandi vildi ekkert koma til móts við hana. Hafi seljandi sagt að bifreiðin væri seld undir markaðsverði og því félagið ekkert aðhafast í málinu. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla sem hún hafi ekki með nokkru móti geta komist að raun um fyrir kaupin, en seljandi hafi mátt vita af. Krefst álitsbeiðandi riftunar, eða skaðabóta.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali vegna bifreiðarinnar, ásamt tilboði í viðgerð á bifreiðinni, dags. 10. desember 2015 og hljóðað tilboðið upp á kr. 271.039.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að vísa eigi málinu frá þar sem seljandi sé fjármálafyrirtæki og að ágreining við hann megi bera undir úrskurðarneftnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002. Segir seljandi að bifreiðin sem um ræði hafi verið ekin 80.547 mílur á söludegi, þ.e. 129.600 km. Bifreiðin hafi verið seld á uppboðsvef þriðja aðila hinn 29. desember 2015 og að í lýsingu seljanda á bifreiðinni hafi eftirfarandi komið fram: „Y selur bílinn eins og hann er þar sem hann er og tekur enga ábyrgð á mögulegum göllum, bilunum eða búnaði sem mögulega hefur verið fjarlægður úr bílnum. Vinsamlegast hafið það í huga þegar boðið er í bílinn. Við skoðun kom eftirfarandi í ljós.

Lamir á v/framhurð ónýtar. Framrúða brotin. Mála þarf báðar v/hurðir. Þessi skoðun þarf ekki að vera tæmandi.“ Á sama stað, þ.e. á vefsíðunni, hafi einnig verið skorað sérstaklega á tilboðsgefendur að þeir framkvæmdur rækilega skoðun á uppboðsandlaginu með eftirfarandi hætti: „Vinsamlegast athugið að hægt er að skoða uppboðsmuni í húsnæði [þriðja aðila ...] alla virka daga milli 8:30 og 17:00. Við bendum þjóðendum á að það er áriðandi að þeir skoði uppboðsmuni áður en boð eru gerð þar sem myndir geta ekki lýst fullkomlega ástandi bifreiðar eða tjóni á bifreið ef um slíkt er að ræða.“ Segir seljandi og að skoðunarskylda kaupanda hafi ennfremur verið áréttuð í skilmálum og minnt á að inntak kaupa á uppboðum séu sérstaklega áhættusöm. Þá segir seljandi að hinn meinti galli, sem álitsbeiðandi tiltekur, hafi ekki komið fram við ástandsskoðun sem framkvæmd var á bifreiðinni af þriðja aðila þegar bifreiðinni var skilað til seljanda af fyrri umráðamanni hennar. Seljandi segir að bifreiðin hafi einnig verið um 9 ára gömul á söludegi, ekin um 130.000 km og að gera verði ráð fyrir að jafn gamlar bifreiðar séu farnar að slitna, bæði vegna aldurs og notkunar. Þá sé almennt gangverð þessarar bifreiðategundar á bilinu kr. 1.040.000 til kr. 1.100.000. Bifreiðin hafi verið seld á kr. 699.000 sem nemi tæpum 64-8% af gangverði. Að lokum kemur fram að seljandi hafnar kröfum álitsbeiðanda. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af þeim göngum sem seljandi vísar til í andsvörum sínum.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 29. september 2015 fyrir kr. 699.000. Bifreiðin er af gerðinni Mazda Tribute, árgerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar 31. mars 2006 samkvæmt ökutækjaskrá.

Bifreiðin var því rúmlega 9 ára og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 129.600 km. þegar kaupin fóru fram..

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 29. september 2015, segir m.a. eftirfarandi:

„Bifreiðin sem er tjónuð, selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Kaupanda hefur verið bent á 20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 um skoðunarskyldu kaupanda, reglugerð nr. 44/2003 um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki, lög um verslunaratvinnu nr. 28/1998 ásamt lögum um lausafjárkaup nr. 50 frá 16. maí 2000.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin  
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Að mati kærunefndarinnar voru þeir fyrirvara sem seljandi gerði við söluhlýsingu til þess fallnir að auka verulega á áður nefnda skoðunarskyldu kaupanda.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að bifreiðin sé tjónuð og seljist í núverandi ástandi. Þá kemur fram í fyrirvörum á sölusíðu fyrir bifreiðina, sem raktir eru í andsvörum seljanda, að álitsbeiðanda hafi mátt ætla að bifreiðin væri seld í töluvert slæmu ásigkomulagi og var þar ekkert dregið úr í lýsingu seljanda. Slíkt virkjar aukna skoðunarskyldu kaupanda, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna, og sé kaupandi leikmaður, líkt og hér er, væri honum e.t.v. í lófa lagt að leita til fagaðila til að skoða bifreiðina til að kanna hvort hún væri haldni frekari göllum en fram komu í söluhlýsingu, enda slíkt gefið í skín í lýsingunni. Það var ekki gert, heldur skoðaði álitsbeiðandi bifreiðina og reynsluók henni sjálf, án frekari ráðstafanna.

Að þessu öllu virtu er það því áliti kærunefndarinnar að umþrætt bifreið geti ekki talist vera haldin galla í skilningi 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. að hún sé í verra ástandi en álitsbeiðandi mátti ætla miðað við kaupverð og atvik að örðu leyti og verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson